

**263. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 20. mars 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður, Anna Sólveig Smáradóttir varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2211210 - Umhverfisstefna Akraness**

Anton Birkir Sigfússon frá fyrirtækinu Klappir Green Solutions hf. kynnti "Sjálfbærnilausn Klappa" og "Verðskrá sjálfbærniuppgjöra Klappa 2022" varðandi mælingar og birtingar þeirra í tengslum við umhverfisstefnu Akraness.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Antoni Birki Sigfússyni fyrir fróðlega kynningu.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að óska eftir kynningu frá Reykjanesbæ, en sveitarfélagið hefur notast við lausnir Klappa ehf.*

*Anton vék af fundi eftir þessa kynningu.*

**2. 2104149 - Grunnskólalóðir - endurgerð (Brekubæjarskóli - Grundaskóli)**

Kynning á útboðsgögnum vegna framkvæmda á lóðum Grundaskóla og Brekkubæjaraskóla 2023.

*Inga Rut Gylfadóttir, arkitekt kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir á skólalóðum við Grundaskóla og Brekkubæjaraskóla.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Ingu Rut góða kynningu.*

*Inga Rut vék af fundi eftir þennan dagskrárlíð.*

**3. 2303126 - Suðurgata Skagabraut - gatnamót**

Tillaga Lárusar Ársælssonar hjá Mannvit um breytingu á gatnamótum Suðurgötu og Skagabrautar kynnt.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Lárusi fyrir greinargóða kynningu og samþykkir að ráðist verði í umræddar breytingar.*

*Lárus vék af fundi eftir þennan fundarlið.*

**4. 2209221 - Endurskipulagning Vinnuskólans**

Kynning á nýjum handbókum vinnuskólans vegna endurskipulagningar.

*Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri kynntu útgáfu handbóka annarsvegar fyrir flokksstjóra og hinvegar fyrir vinnuskólann.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Heiðrúnu og Jón Arnari góðu kynningu.*

#### **5. 2302211 - Vinnuskólinn 2023**

Laun vinnuskólans.

*Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri, fóru yfir launamál í vinnuskólanum.*

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að leggja til við bæjarráð að laun vinnuskólans verði hækkuð um 3,5%, enda rúmast það innan fjárhagsáætlunar.*

*Heiðrún vék af fundi eftir þennan dagskrárlið.*

#### **6. 2301256 - Okkar Akranes - Opin svæði 2023**

Farið yfir tillögur úr hugmyndasöfnun "opin og græn svæði" á Okkar Akranesi. Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri og Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri fóru yfir innsendar tillögur, sem voru samtals 101 talsins, flokkuðu og grisjuðu hugmyndirnar. Alls standa 43 tillögur eftir sem búið er að kostnaðarmeta gróflega og fyrir liggur að velja 20 tillögur sem fara í kosningu.

*Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri kynntu framkommar tillögur.*

*Lagðar fram 43 tillögur sem búið er að kostnaðarmeta gróflega. Valdar voru 20 tillögur sem fara í kosningu 28. mars til 11. apríl nk. Nauðsynlegt er að kalla eftir hönnun á nokkrum tillagnanna vegna umfangs þeirra, því verður kosið um hönnun eftir því sem við á. Ef hugmyndir sem þarfnast hönnunar verða fyrir valinu, þá er stefnt að því að hönnun ljúki í haust og ráðist verði í framkvæmdir eins fljótt og kostur er.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Önnu Þóru og Jóni Arnari góða kynningu.*

#### **7. 2111184 - Slökkvilið Akranes og Hvalfjarðarsveitar - úttekt á starfsemi**

Eftirfylgni á úttekt frá HMS sem fór fram 1. nóvember 2021.

*Varðandi húsnæðismál slökkviliðs Akranes og Hvalfjarðarsveitar kom fram á fundi ráðsins 6. febrúar s.l. að verið væri að skoða þrjá kosti þ.e:*

- viðbyggingu framan við núverandi húsnæði*
- viðbyggingu aftan við núverandi húsnæði*
- byggingu sameiginlegs húsnæðis með sambærilegum aðilum*

*Slökkviliðsstjóra var falið að vinna málið áfram.*

*Erindinu er að öðru leyti vísað til bæjarráðs.*

**8. 2211227 - Akraneshöll - Ytri klæðning**

Viðhald á ytra byrði Akraneshallar.

*Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Lárus Ásælfsson hjá Mannvit fóru yfir valkosti vegna viðhalds á ytra byrði Akraneshallar.*

*Valkostir sem hafa verið skoðaðir:*

*Hefðbundið viðhald á ytra byrði Akraneshallar, áætlaður kostnaður um 240 mill.kr. miðað við óeinangrað hús.*

*Endurnýjun ytra byrðis og einangrun húss, m.v. að hús verði upphitað Akraneshallar, áætlaður kostnaður um 460 millj.kr*

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar góða kynningu og felur Ásbirni að vinna málið áfram.*

*Ásbjörn og Lárus viku af fundi eftir þennan fundarlið.*

**9. 2303121 - LED lýsing, götu- og stígalýsing**

Minnisblað um niðurstöðu rýnis á tilboðum í lampa fyrir gatna- og stígalýsingu. Tilboð bárust frá sex aðilum.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að taka tilboði Fagkaupa sem fékk flest stig í samanburði tilboða.*

**10. 2204191 - Deiliskipulag - Garðabraut 1**

Deiliskipulag Garðabrautar 1, var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 21. desember 2022 til 7. febrúar 2023. Þrjár athugasemdir bárust frá Húsfélagi Skarðsbraut 3 og 5, Veitum og Vegagerðinni.

Lögð var fram greinargerð skipulagsfulltrúa vegna athugasemda við auglýst deiliskipulag.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framlagða greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið.*

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt ásamt greinargerð skipulagsfulltrúa sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið.*

**11. 2303150 - Deiliskipulag Grundaskóli við Espigrund - Breyting**

Breyting á deiliskipulagi Grundaskóla, fjölgun lóða.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að málsmeðferð verði samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulag verði birt í B-deild og sent til Skipulagsstofnunar.*

**12. 2303153 - Skólabraut 18 - umsókn um byggingarleyfi**

Skólabraut 18 umsókn Egils Árna Jóhannessonar um að breyta útliti húss ásamt stækkun á svölum. Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar um breytingar.

*Skipulags- og umhverfissráð áréttar að um óleyfisframkvæmd er að ræða og því*

*er ekki heimild að halda framkvæmdum áfram fyrr en tilskilin leyfi hafa verið gefin út.*

*Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir ítarlegri gögnum um framkvæmdina:*

*Frágang á útveggjum undir einangrun.*

*Hvernig haldið er í varðveislugildi hússins.*

*Frágang í kringum glugga.*

*Frágang í kringum svalir.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:30.**